

## 120. Stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 25. maí

### Fundargerð

#### Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Práinn Lárusson. Sæunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur undir lið 2: Magnús Jónsson , endurskoðandi hjá KPMG.

#### 1. Fundargerð 119. fundar stjórnar

*Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.*

#### 2. Ársreikningur Austurbrúar og niðurstaða endurskoðunar 2020

*Magnús Jónsson endurskoðandi frá KPMG kom inn á fundinn og fór yfir ársreikning ársins 2020. Ársreikningurinn var í framhaldinu lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og undirritaður rafrænt.*

*Stjórn Austurbrúar þakkar starfsmönnum fyrir lausnamiðaða hugsun og skjót viðbrögð við flóknum aðstæðum á árinu 2020. Starfsmenn brugðust hratt og örugglega við tíðum breytingum og aðlöguðu verkefni og áherslur reglulega yfir árið, í takt við stöðuna hverju sinni. Starfsmenn Austurbrúar hafa með góðri samvinnu við hagaðila staðið vörð um tilgang og markmið stofnunnar.*

#### 3. Verklagsreglur stjórnar

*Nýjar verklagsreglur samþykktar af stjórn.*

#### 4. Undirbúningur ársfundar

*Framkvæmdastjóri fór yfir drög að dagskrá ársfundar sem haldinn verður í Valaskjálfi 3. júní. Fundargerð og tillögur starfsháttanefndar fyrir ársfund lagðar fram til kynningar.*

**5. Tillögur stjórnar fyrir ársfund**

*Stjórn leggur til fyrir ársfund að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2021.*

**6. Vörður**

*Formaður og þráinn Lárusson sögðu frá sameiginlegum fundi Austurbrúar, Markaðsstofu Norðurlands og Vestfjarðastofu með ráðherra um verkefnið Vörður.*

**7. Jafnlaunakerfi, niðurstaða jafnlaunagreiningar**

*Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður jafnlaunagreiningar. Engan óútskýrðan launamun á milli sambærilegra starfa eða kynja er að finna hjá Austurbrú.*

**8. Staða ýmissa verkefna**

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna.*

*Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 16:00*